

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 130/2001**

**frá 23. nóvember 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2001 frá 26. október 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2000/27/EB frá 2. maí 2000 um breytingu á tilskipun 93/53/EBE um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fíksjúkdómum<sup>(2)</sup> skal fèlld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 93/53/EBE) í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0027**: Tilskipun ráðsins 2000/27/EB frá 2. maí 2000 (Stjtið. EB L 114, 13.5.2000, bls. 28).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar ráðsins 2000/27/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 6 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 114, 13.5.2000, bls. 28.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni<sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.